

Menntamálanefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 26. apríl 2004

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um frumvörp til laga um breytingu á lögum nr. 41/1999 um Háskóla Íslands (HÍ) (780. mál), um breytingu á lögum nr. 137/1997 um Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) (817. mál) um breytingu á lögum nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri (HA) (818. mál) og um breytingu á lögum nr. 53/2002 um Tækniháskóla Íslands THÍ (819. mál)

I

Vísað er til fjögurra bréfa yðar, dags. 6. apríl 2004, varðandi umsögn um 780. mál, 817. mál, 818. mál og 819. mál, frumvörp til laga um breytingu á lögum um HÍ, KHÍ, HA og THÍ. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálin. Vegna hins skamma fyrirvara sem gefinn var (4 virkir dagar) gafst ekki færi á að svara erindunum innan tímamarka og er beðist velvirðingar á því og hefur heldur ekki verið tækifæri til þess að ræða málið í stofnunum BHM. Á fundi hinn 21. apríl sl. var hins vegar haft samráð við þau aðildarfélög BHM sem hafa beinna hagsmuna að gæta, þ.e. Félag háskólakennara (Fh), Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands, Félag háskólakennara á Akureyri og Félag tækniháskólakennara.

Ekki var haft samráð við BHM við samningu þessara frumvarpa í Stjórnarráðinu.

II

BHM gerir ekki athugasemd við ákvæði í 1. gr. frumvarpanna fjögurra (a-lið eða 1. mgr.) þar sem veitt er heimild til þess að víkja frá auglýsingaskyldu í fjórum tilgreindum tilvikum enda vill BHM standa ríkan vörð um hina almennu auglýsingaskyldu í 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (stml.). BHM bendir menntamálanefnd Alþingis á að æskilegt væri að skýra orðin „sérstökum tímabundnum“ sem kemur tvívegis fyrir í ákvæðinu án þess að það sé nægilega skilgreint í athugasemd með 1. gr. frumvarpanna í greinargerð. Þá áréttar BHM þörf á að tryggja að ljóst sé með skriflegum ráðningarsamningi að um sé að ræða ráðningarsamband en ekki verktakasamning eða eitthvert annað óskilgreint og óljóst réttarsamband eins og komið hefur fyrir og BHM og einstök aðildarfélög hafa þurft að beita sér í. Óskar BHM fundar með menntamálanefnd til þess að skýra þetta frekar og tekur undir með fyrirvörum í umsögn Fh, dags. 16. apríl sl.

Varðandi þá tillögu í þingmálum 817, 818 og 819 að heimilt verði að ráða kennara eða þá sem ráðnir eru eingöngu til vísinda- og fræðastarfa til allt að 5 ára vill BHM standa ríkan vörð um það almenna 2ja ára hámark sem er að finna í stml. frá 1996 en þaðan kom það úr kjarasamningum aðildarfélaga BHM 1989 – sem fól í sér áfangasigur eftir langa baráttu. Þar sem umrædd fjögur aðildarfélög amast ekki við þessari samræmingu skal þó einungis tekið fram að kanna þarf hvort þetta samræmist 1. mgr. 5. gr. í nýsamþykktum lögum um tímabundna ráðningu starfsmanna. Þá áréttar BHM að samkvæmt niðurlagsákvæði þess skal vinnuveitandi þó ávallt leitast

við að ráða starfsmann ótímabundið. Þá telur BHM að að loknum 5 ára ráðningartímanum skuli gera ótímabundinn ráðningarsamning en óheimilt að framlengja um 5 ár „í senn“ samkvæmt undanþáguheimild þessari í sérlögum sem túlka ber þröngt. Fer BHM fram á að þetta verði tekið fram í nefndaráli.


Að höfðu samráði við umrædd aðildarfélag BHM mælir BHM gegn því að fyrri málsliður málsgreinarinnar um heimild til hlutastarfa verði samþykktur sem lög enda rétt að halda fast við að meginreglan sé að rannsóknarstörfum sé sinnt sem fullu starfi.

III

Um það atriði sem greinir í 1. mgr. 1. gr. þingmáls 780 tekur BHM undir með umsögn Fh, dags. 16. apríl, og hvetur til þess að sérfræðiaðstoð við dómnefndir – bæði lögfræðileg og önnur – verði styrkt af þessu tilefni og öðrum gefnum tilefnum.

Loks styður BHM að 2. gr. þingmáls 780 verði að lögum en hvetur menntamálanefnd Alþingis til þess að kveðja á sinn fund vegna þess máls fulltrúa frá Fh og Félagi íslenskra náttúrufræðinga sem hlut á að máli vegna starfsmanna Norrænu Eldfjallastöðvarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.